



Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

haldinn í Kirkjuhvoli á
Kirkjubæjarklaustri
24. október 2025

1. Aðalfundarstörf

a. Setning – formaður stjórnar

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setur fundinn klukkan 8:40 og býður fulltrúa velkomna.

b. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Einar Kristján Jónsson frá Skaftárhreppi sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er tillaga formanns, samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Fundarstjóri tekur við stjórn fundarins.

c. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Fundarstjóri tekur til máls og leggur fram svohljóðandi tillögu kjörnefndar að kjörbréfanefnd.

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd:	Sveitarfélag:
Aldís Hafsteinsdóttir	Hrunamannahreppur
Sveinn Ægir Birgisson	Sveitarfélagið Árborg
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	Rangárþing ytra

Framlögð tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

d. Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður flytur skýrslu stjórnar, kynnir hún stjórn sína en mikil samstaða er í sjórninni. Nefndin hefur m.a. farið í skoðunarferðir á staði í umdæminu sem þau eru að gefa umsagnir um. Þakkar hún Sigrúnu Guðmundsdóttur fyrir góð störf og fer yfir starfsmenn HSL sem eru átta talsins og allir með heilbrigðisfulltrúaréttindi, færir hún þeim þakkir fyrir sín störf. Haldnir voru átta fundir á árinu. Verkefni ársins voru m.a. fjallaskálaeftirlit vegna nóróveiru, matarsýkingar og aðrar sýkingar, starfsleyfisgerð og kröfur um vöktun á fráveitu og umsagnir um skipulags- og umhverfismál.

Ræðir Guðrún um fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðiseftirlitum þ.e. áform ríkisins um að taka yfir allt reglubundið eftirlit sem heilbrigðisnefndir hafa eftirlitsskyldur með í dag og skipta þeim verkefnum milli Umhverfis- og Orkustofnunar og Matvælastofnunar. Nefndin hefur bókað reglulega um málið og lýst andstöðu við að heilbrigðiseftirlit verði tekið undan forræði sveitarfélaganna, og vilja sínum til að koma að samráðsvettvangi og taka þátt í mótun breytinganna. Einnig hefur nefndin tekið undir bókanir frá öðrum aðilum. SHÍ sendi erindi með

ítarlegum útskýringum á þessu máli í júní 2024 óskað var eftir að það yrði kynnt sveitarstjórnarfulltrúum á Suðurlandi og sendi framkvæmdastjóri erindið á öll sveitarfélögin.

Í september sl. var kynnt skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum og var hún sett í samráð en heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir fengu ekki tilkynningu um það, sem er umhugsunarvert.

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, tekur til máls. Fer hún yfir starfssvæði nefndarinnar sem er 24.256 km² að stærð og nær yfir 14 sveitarfélög. Á svæðinu starfa 9 byggingafulltrúar, 2 sýslumenn, auk lögreglu, brunavarna, vinnueftirlits og fleiri samstarfsaðila. Það eru níu eftirlitssvæði á Íslandi í dag ef breyting verður gerð á eftirlitinu er líklegt að svæðunum yrði fækkað í fjögur. Slíkt myndi gera hvert svæði mun stærra og yfirgripsmeira, sem hefði veruleg áhrif á umfang og framkvæmd eftirlitanna. Fer hún yfir hvernig tengslum heilbrigðiseftirlits er háttað við önnur stjórnvöld og tengdar stofnanir.

Fer hún yfir tölulegar upplýsingar um samlegðaráhrif verkefna, eftirlit með þauleidisbúum, vatnsverndarsvæðum og neysluvatni, umsagnir skipulags, eftirlit með virkjunum, fráveitueftirlit og mengunarvarnir. Farið var yfir 288 skipulagsúmsóknir á síðasta ári, mögulega er toppnum náð en málin eru það sem af er ári yfir 100. Það fer mikil vinna í yfirferð á þeim.

Hún fjallar um verkefni sem gætu orðið í óvissu ef breyting verður á heilbrigðiseftirlitum. Þar á meðal eru sóttvarnavottorð, umsagnir til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, sýnatökur og rannsóknir t.d. ef koma upp sýkingar, umsagnir til sýslumanna vegna rekstrarleyfa sem og umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála.

Það er gríðarlegur fjöldi af gististöðum í umdæminu, ferðamenn eru hér á Suðurlandi. 23 sundlaugar eru í umdæminu og er HSL með eftirlit með þeim bæði varðandi öryggi sundlaugagesta og baðvatns. Einnig er eftirlit á húsnæðinu. Það eru minni kröfur í almennum baðlónum og reglugerðin frekar óskýr. Það eru nú þegar fjögur baðlón með starfsleyfi í umdæminu og fleiri í undirbúningi.

Miklar framfarir hafa orðið í fráveitumálum, öll fráveitumannvirki sem eru meira en 50 p.e. (persónueiningar) eru starfsleyfis skyld. Bent á reglugerð um ríkisstuðning við fráveituframkvæmdir. Í úrgangsmálum erum við ekki að ná markmiðum Evrópureglna en það er þó betra á Suðurlandi en annars staðar á landinu. Það vantar innviði, m.a. brennslustöðvar sem taka við sjálfdaudum stórgripum.

Það kom upp hópsýking á hálendi Íslands í fyrrasumar sem reyndist vera umgagnspest af Nóróveiru. Þegar svona sýking kemur upp þá þarf starfmaður frá HSL að fara á staðinn og rannsaka málið. Það er stór hópur sem kemur að svona hópsýkingu sem er kostnaðarsamur og fellur á embættið og sveitarfélögin. Einnig komu upp fleiri smit hjá embættinu sem þurfti að

rannsaka og vinna úr. Ræðir hún um veggjalús en þau fá litlar upplýsingar frá meindýraeyðum þegar þeir fá slík útköll en það er mikilvægt að þær upplýsingar komi inn á borð hjá eftirlitinu.

Fer hún yfir nýja hollustuháttareglugerð nr. 903/2024 nú á að auglýsa starfsleyfi fyrir hollustuháttafyrirtæki í fjórar vikur áður en nefndin tekur það fyrir og þýði það tafir á útgáfu á starfsleyfi um allt að 8 vikur. Fer hún yfir hreinsun á lóðum og lendum og álímd bíflök. Sýnir hún myndir af stöðum úr eftirliti sem þau hafa verið að fara á. Má þar nefna myndir af úrgangi frá garðyrkju, hrossataðshaugum innanbæjar og olíumengun á vatnsverndarsvæði. Einnig sýndi hún myndir af skipaskoðun og myndir af nýstárlegri gistingu á Suðurlandi. Ræðir hún um heimsíðu embættisins, en þau eru framarlega í rafrænni stjórnsýslu þar er m.a. þjónustugátt vegna umsókna, auglýsingar, fundargerðir heilbrigðisnefndar o.fl. Ræðir hún um verkefnið ICEWATER sem heilbrigðiseftirlitið sinnir við Þingvallavatn. Um er að ræða umfangsmikið verkefni á landsvísu. Verkefnið á að tryggja innleiðingu á vatnatilskipun og er styrkt af ESB. Sigrún lýsir áhyggjum sínum af andstöðu aðila við heilbrigðiseftirlitið. Hún bendir á að þau séu ekki í vinsældakeppni, þau þurfa að fá stuðning frá sveitarfélögum ef þau eiga að geta bætt sig og þau vilja fá ábendingar um það sem betur má fara.

Fundarstjóri gefur orði laust til máls taka Axel Sigurðsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir og Haraldur Þór Jónsson.

f. Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörnefndar, kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins.

Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 56. Alls eru 26 aðalfulltrúar mættir og 4 varafulltrúar, 26 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

e. Tillögur heilbrigðisnefndar

Guðrún S. Magnúsdóttir leggur fram eftirfarandi tillögur:

Tillaga Heilbrigðisnefndar Suðurlands flutt á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 24. október 2025

Efni: Tillaga um ráðningu endurskoðenda:

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 24. október 2025 um ráðningu Pricewaterhouse Coopers (PWC) á Selfossi um endurskoðun reikninga.

Tillaga að endurskoðenda er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 24. október 2025 um þóknun stjórnar.

Efni: Tillaga að þóknun stjórnar:

1. Laun stjórnar skulu nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5 % af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.
2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Tillaga að þóknun stjórnar er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga til heimildar um yfirdrátt

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 24. október 2025 um heimild til að taka yfirdráttarlán í viðskiptabanka sínum til að fleyta sér yfir tekjulítið tímabil í upphafi árs.

Fundarstjóri leggur fram breytingartillögu að bæta við texta í tillögu “allt að 20 milljónum króna”.

Breytingartillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillagan með áörnum breytingum er borin undir atkvæði samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 24. október 2025 um heimild til að taka yfirdráttarlán allt að 20 millj. kr. í viðskiptabanka sínum til að fleyta sér yfir tekjulítið tímabil í upphafi árs.

g. Ársreikningur 2024

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2024. Rekstrartekjur ársins eru 187,3 m.kr. Rekstrargjöld ársins eru tæplega 189 m.kr þar kom fram að fjármagnstekjur ársins eru tæplega 2,6 m.kr. rekstrarhagnaður ársins er tæplega 1,3 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Axel Sigurðsson og Friðrik Sigurbjörnsson.

Ársreikningur er borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða

h. Tillaga að fjárhagsáætlun 2026

Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2025.

Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 223 m.kr. og rekstrargjöld tæplega 223 m.kr.

Lagt er til að framlög sveitarfélaga hækki um 3,8% milli ára.

Fundarstjóri gefur orðið laust Friðrik Sigurbjörnsson tekur til máls.

i. Tillaga að gjaldskrá 2026

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 3,8% heildarhækkun.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan að gjaldskrá er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga að fjárhagsætlun er borin undir atkvæði og samþykkt tveir eru á móti.

j. Önnur mál og almennar umræður.

Guðrún Magnúsdóttir, formaður tekur til máls og ræðir um áform um breytingar á fyrirkomulagi eftirlitsins. Hún fer yfir feril málsins og leggur áherslu á mikilvægi þess að fá skýrar upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ríkinu. Heilbrigðiseftirlitin og sveitarfélögin hafa sent inn umsagnir þar sem þau hvetja til skoðunar á fyrirhuguðum breytingum. Í umræðunni hefur komið fram að mögulega verði heilbrigðiseftirlitin lögð niður eða ekki. Enn er óljóst hver niðurstaðan verður og fjölmörgum spurningum er enn ósvarað.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Arnar Freyr Ólafsson, Kjartan Ólafsson, Axel Sigurðsson, Helgi Kjartansson og Sigrún Guðmundsdóttir.

Fram kemur sú hugmynd að fá SASS eða HSL til að fá fulltrúa frá ráðuneytinu á fund með sveitarstjórnarmönnum. Það er mikilvægt að fá svör við þeim fjölmörgu spurningum sem brenna á fólki enda ríkir veruleg óvissa um framtíðarfyrirkomulag heilbrigðiseftirlita.

3. Fundarslit

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður þakkar fyrir góðan fund og óskar fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fleira ekki gert fundarstjóri slítur fundi kl: 10:47.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.